

Starfs- og siðareglur Regins hf. og dótturfélaga

Reginn hf. er framsækið fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Reginn hf. leggur áherslu á fagmennsku og vill vera fyrsti valkostur viðskiptavina sinna. Siðareglur þessar mæla fyrir um almennar skyldur starfsfólks með það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á félaginu. Siðareglur þessar gilda um alla starfsemi Regins hf. og dótturfélaga, allt starfsfólk og stjórnendur og eftir atvikum stjórnarmenn þess.

1. Gildi félagsins

Gildi Regins hf. eru **lausnamiðuð, ábyrg og snörp**.

2. Lög og reglur

Í starfsemi Regins hf. er áhersla lögð á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum. Starfsfólki er gert að þekkja lagaumhverfið sem fyrirtækið starfar í. Þá setur félagið sér innri reglur og viðmið sem starfsfólk félagsins starfar samkvæmt.

Við ráðningu skal starfsfólk staðfesta að það hafi lesið, skilið og muni starfa samkvæmt reglum félagsins.

3. Áreiðanleiki

Starfsfólk Regins hf. skal gæta trúnaðar og er bundnir þagnarskyldu lögum samkvæmt um hvaðeina sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu varðandi viðskiptavinum félagsins og um starfsemi félagsins. Þessi skylda helst þrátt fyrir að starfsfólk láti af störfum.

Starfsfólk Regins hf. skal gæta þess að upplýsingar sem veittar eru séu réttar og eins nákvæmar og kostur er.

4. Starfsfólk

Starfsfólk Regins hf. skal leitast við að hafa sanngirni og jafnræði að leiðarljósi í öllum viðskiptum og samskiptum. Starfsfólk skal koma fram af heiðarleika.

Virðing, sæmd, sanngirni og kurteisni skulu einkenna öll samskipti við viðskiptavinum, samstarfsfólk og aðra sem stofnað er til viðskiptasambands við. Í samræmi við jafnréttisstefnu félagsins er öll áreitni og mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, kynvitundar,

kyneinkenna, kyntjningar, þjóðernisuppruna, litarhafts, trúarbragða, aldurs, fötlunar, skertar starfsgetu, hjúskapar- og/eða fjölskyldustöðu með öllu óheimil.

Starfsfólk og stjórnarmenn skulu gæta þess, hvort sem er innan eða utan tilskilins vinnutíma, að aðhafast ekkert það sem skaðað getur ímynd eða orðspor þeirra eða félagsins. Slík háttsemi getur t.d. falið í sér hugsanlegt misferli, ofbeldisbrot, refsiverða háttsemi eða hverjar aðrar athafnir sem geta dregið í efa hæfni þeirra og dómgreind til að sinna störfum fyrir félagið. Verði starfsfólk uppvíst um einhverja slíka hegðun getur það, allt eftir atvikum og alvarleika máls, haft í för með sér áminningu, uppsögn eða brottrekstur.

Í tilviki stjórnarmanns skal slíkt mál koma á borð stjórnar. Skal viðkomandi stjórnarmanni gefinn kostur á að svara þeim ávirðingum sem um ræðir og stjórnin í kjölfarið fjalla um málið. Séu ávirðingar þess eðlis; að þær gætu kastað rýrð á stjórnarmanninn eða félagið, að draga mætti dómgreind stjórnarmanns í efa eða að þær gætu valdið félaginu orðsporsáhættu, getur meirihluti stjórnar skorað á viðkomandi stjórnarmann að stíga til hliðar og segja sig úr stjórn félagsins. Verði stjórnarmaður ekki við því skal stjórn leggja mat á það hvort boða skuli til hluthafafundar í samræmi við ákvæði 64. gr. laga nr. 2/1995, sbr. síðari breytingar. Starfsfólki er skylt er að fara vel með áhöld, vélar og önnur gögn eða tæki í eigu félaganna og þar að auki skal ganga vel um húsnæði félagsins. Í lok hvers vinnudags skulu starfsfólk ganga snyrtilega frá skrifborðum og koma trúnaðargögnum fyrir í læstum hirslum.

Reykingar eru óheimilar í húsakynnum félagsins. Verði starfsfólk uppvíst að neyslu ólöglegra vímuefna verður viðkomandi tafarlaust vísað úr starfi.

Einkaerindi skulu ekki rekin á vinnutíma nema með samþykki yfirmanns. Þá skal starfsfólk ekki nota búnað Reginn hf. í eigin þágu nema um það sé sérstaklega samið.

Starfsfólki er óheimilt að stofna til kostnaðar eða skuldbinda Reginn hf. og dótturfélög þess án samþykkis þar til bærra aðila og með samþykki framkvæmdastjóra.

5. Hagsmunaárekstrar

Stjórnendur og starfsfólk skal aldrei láta einkahagsmuni stangast á við hagsmuni félagsins eða viðskiptavina þess. Starfsfólki ber að tilkynna mögulega hagsmunaárekstra til regluvarðar eða næsta yfirmanns.

Framkvæmdastjórar og regluvarður bera eftir atvikum ábyrgð á að unnið sé í samræmi við stefnu þessa og verkferla byggða á þeim.

Þannig staðfest af stjórn Regins hf. þann 17. apríl 2023.

Benedikt Olgeirsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

Starfsreglur þessar eru undirritaðar rafrænt.